

Miðvikudaginn 15. maí 1957.

Nr. 85/1957. **Ákærvaldið**
 gegn
Björgvin Hafsteini Hjartarsyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kærú 9. þ. m., sem barst Hæstarétti 13. s. m., hefur kærði, Björgvin Hafsteinn Hjartarson, skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadómsins um gæzluvarðhald hans.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. maí 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 9. maí, var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, er haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni.

Björgvin Hafsteinn Hjartarson, Selvogsgrunni 20, fæddur 10. júlí 1932, er grunaður um, að hann hafi falsað skjal og beitt því í dómsmáli. Hann hefur við frumpróf neitað sekt sinni. Rannsóknin mun einnig beinast að grun á hendur Hafsteini um misneytingu eða fjársvik eða tilraun til þeirra. Hann hefur sýnt tregðu á að mæta fyrir dómi. Nauðsyn er að útiloka möguleika hans á að spilla sakargögnum. Ber því samkvæmt 1. og 2. mgr. 67. gr. laga nr. 27/1951 að úrskurða, að hann skuli sæta gæzluvarðhaldi allt að 20 daga.

Því úrskurðast:

Björgvin Hafsteinn Hjartarson sæti gæzluvarðhaldi allt að 20 daga.
